

Velferðarnefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

16. nóvember 2023

Efni: umsögn BHM um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313. mál.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar frumvarp þingmanna Sjálfstæðisflokksins til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði. Meginmarkmið frumvarpsins er sagt vera að tryggja rétt launamanna til að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum kjarasamninga, vernda rétt launamanna til að standa utan verkfalla stéttarféлага sem þeir tilheyra ekki og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundinna launamanna þar sem þess er krafist í lögum eða kjarasamningum. BHM veitti umsögn um frumvarpið á 153. þingi hvar afstaða BHM var sú að frumvarpið væri vanreifað, illa unnið, veki fleiri spurningar en það svarar og væri til þess fallið að valda óvissu á ýmsum sviðum. BHM væri því með öllu mótfallið því að frumvarpið næði fram að ganga. Frumvarpið er nú lagt fram lítillaga lagfært frá fyrra þingi. Afstaða BHM er þó óbreytt.

Á íslenskum vinnumarkaði er til staðar félagafrelsi sem felur í sér að engum er gert skylt að eiga aðild að stéttarfélagi. Þau sem það vilja standa því utan stéttarfélags. Allt launafólk á Íslandi óháð kyni, þjóðerni og ráðningartíma nýtur lágmarkskjara samkvæmt kjarasamningi viðkomandi starfsgreinar á því svæði sem samningurinn tekur til. Af þessu leiðir að samningar á milli vinnuveitanda og starfsmanns um lakari kjör eru ógildir. Félagsleg undirboð eru þannig óheimil. Ein afleiðing þessa fyrirkomulags er að gegn því að njóta óskilyrtar verndar og réttinda samkvæmt kjarasamningi greiðir launafólk svokallað *samningsréttargjald* eða *vinnuréttargjald* enda ljóst að það felst kostnaður í að gera og viðhalda kjarasamningum. Það eru draumórar hjá flutningsmönnum frumvarpsins að halda því fram þátttaka launafólks í stéttarfélögum sé ekki forsenda kjarasamningsgerðar því

frumvarpið gerir ráð fyrir að launafólk njóti áfram verndar og réttinda samkvæmt kjarasamningi sem aðrir borga fyrir.

**Að mati BHM vekur frumvarpið fleiri spurningar en það svarar og er til þess fallið að valda óvissu á ýmsum sviðum. BHM er með öllu mótfallið því að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllt,



Kolbrún Halldórsdóttir  
Formaður BHM



Andri Valur Ívarsson  
Lögmaður BHM